

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpa GaJa Álfsnes



Dags eftirlits	29.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpa GaJa	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þorleifur Þorbjörnsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit. Rekstraraðili vinnur að úrbótum vegna eldra frávíks er varðar það sama og varðar mælingar á ammóníum.. Ein ábending er sett fram og varðar sein viðbrögð við upplýsingagjöf vegna lyktarmengunar á haustmánuðum.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 55/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits í Gas- og jarðgerðarstöð Sorpu bs. í Álfsnesi (GAJA). GAJA hefur heimild til að taka á móti allt að 30.000 tonnum á ári af lífrænum heimilisúrgangi og allt að 10.000 tonnum af fjótandi lífrænum heimilisúrgangi til gasvinnslu og jarðgerðar.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Viðhald á búnaði
- Loft og lyktarmengun
- Önnur atriði
- Skoðunarferð

Árið 2023 var tekið á móti 29.751 t af úrgangi og stoðefnum í GAJU og þar af var heildarmagn lífræns úrgangs 24.248 t og 5.503 t af stoðefni. Framleidd voru á árinu um 846 þúsund Nm<sup>3</sup> af metaneldsneyti og 785 t af moltu sem allri var ráðstafað sem yfirlagi á urðunarstað Sorpu í samblandi við mold til myndunar jarðvegslags.

Síðast fór fram eftirlit í GAJU í lok árs 2022 og komu þá fram tvö frávík í eftirliti. Eitt frávík varðaði að ekki voru aðgreindar skráningar vegna starfsemi GAJU annars vegar og annars reksturs urðunarstaðar Sorpu hins vegar í grænu bókhaldi, var búið að loka því frávíki með úrbótum þar um.

Seinna frávíkið varðaði mælingar á styrk ammóníaks og að mælingar á því væru yfir mörkum. Samkvæmt rekstraraðila hefur ekki enn tekist að fá áreiðanlegar niðurstöður varðandi mælingar og er unnið að úrbótum með aðstoð frá birgjum mælitækjanna og ráðgjafaraðila. Í eftirliti kom einnig fram að búnaðurinn og sérstaklega lífsiurnar eru viðkvæmar fyrir breytingum í raka vegna staðsetningar þeirra. Hafa ammóníaksmælingar. Búnaður í siritun hefur verið að endast í 4-8 vikur vegna raka og af sömu ástæðu eru mælingar ekki marktækar því þær skila ótrúverðugum niðurstöðum. Samsvörun er sjáanleg á milli álags á hverja lífsíu og hækunar á mæligildum. Hefur rekstraraðili tekið þá ákvörðun að koma fyrir ammóníakshreinsibúnaði og vothreinsibúnaði fyrir framan lífsiur og er stefnt að því að fyrsti búnaður verði kominn í notkun snemma á næsta ári og að uppsetning á búnaðinum verði lokið fyrir næsta sumar.

Eftirlitsaðili fer frá á að rekstraraðili þurfi að leggja fram markvissa tímalínu til úrbóta samhliða þessum upplýsingum þar sem niðurstöðum á áföngum í átt að úrbótum er náð og til að fyrirbyggja að úrbætur dragist ekki úr hófi. Mikilvægt er að halda Umhverfisstofnun upplýstri um stöðu mála. Óskar Umhverfisstofnun eftir stöðuskýrslu/minnisblaði vegna stöðu úrbóta og framgangi þeirra áfanga sem lýst var í eftirliti við lok eftirfarandi mánaða: janúar, mars og svo um lok úrbóta fyrir enda maímánaðar.

Í apríl gaf Matvælastofnun út tilskilin leyfi til rekstraraðila til gas- og jarðgerðar úr matarafgöngum, sem falla til í heimiliselldhúsum og stórelldhúsum. Fékk starfsstöðin einnig leyfi til að vinna úr ósöluhæfum matvælum frá verslunum og heildsölu, ásamt leyfi vegna framleiðslu lífræns áburðar úr meltunarleifum.

Í eftirlitinu var tekin til umfjöllunar lyktarmengun vegna fjölda kvartana og ábendinga sem sérstaklega voru áberandi fyrr í haust. Fjallað var um að þörf væri á bættum viðbrögðum rekstraraðila gagnvart kvörtunum og ábendingum og var rekstraraðili beðinn um að gera umbætur þar um. Mikilvægt er að haldið sé vel utan um kvartanir og að þá samhliða því tekið á viðeigandi verklagi til að takmarka lykt. Mikilvægt er að greint sé frá uppsprettu lyktar, til hvaða

ráðstafana var gripið til að takmarka lyktarmengun, upplýst um bilanir ef við á og greina frá upplýsingum um veðurfar á þeim tíma sem kvartanir koma fram. Mikilvægt er að rekstraraðili haldi íbúum í nágrenni stöðvarinnar vel upplýstum og þá sérstaklega hvernig gripið sé til ráðstafana til að fyrirbyggja lyktarmengun. Einnig ber að upplýsa stofnunina um þau atriði skjótt og vel. Verði vart við óvenjulega tíðni tilkynninga á þetta sérstaklega við og þarf að bregðast skjótt og vel við.

Niðurstaða áhættumats rekstraraðila á tíðni eftirlits samhlíða þessu eftirliti lendir í C- flokki sem miðar við tíðni eftirlits annað hvert ár. Áhættumat skal lagt fram skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 4.2 í starfsleyfi:

Mælingar á loftmengun skulu fara fram og taka mið af losunarmörkum og umhverfismörkum sbr. gr. 3.5. Ekki hefur tekist að koma á áreiðanlegum mælingum á ammóníum vegna ársins 2023.

#### ÁBENDINGAR

Ábending er lögð fram vegna seinna viðbragða rekstraraðila gagnvart veittum upplýsingum til Umhverfisstofnunar út frá lyktarmengunaratviki fyrir í haust (sjá nánar í umfjöllun undir umfang eftirlits). Vísast sérstaklega í gr. 3.5 í starfsleyfi um að tilkynna beri Umhverfisstofnun fyrirfram um skipulegar aðgerðir sem valdið geta auknu lyktarónæði frá starfseminni. Verði losun á gasi eða lyktarsterku lofti fyrir slysi eða vegna óhapps ber rekstraraðila að tilkynna það Umhverfisstofnun svo fljótt sem auðið er. Jafnframt skal upplýsa almenning um slíkt svo fljótt sem auðið er, t.d. með tilkynningu á vefmiðlum rekstraraðila, sbr. gr. 2.8.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir